


Norrænt samstarf um stafræna þróun – samþættasta svæði veraldar á sviði stafrænna lausna

Stafræn þjónusta gegnir sífellt stærra hlutverki fyrir fólk um heim allan. Þetta á einnig við um Norðurlöndin, sem halda áfram að vera í fararbroddi þegar kemur að því að skapa heildstæð stafræn samfélög. Til að bregðast við þessari þróun vilja Norðurlöndin nú og í framtíðinni geta boðið íbúum landanna betri og skilvirkari opinbera og einkarekna þjónustu. Eitt dæmi eru sameiginlegar rafrænar auðkenningarlausnir, sem eiga að skapa grundvöll fyrir enn samþættara svæði þar sem auðveldara verður

að stunda vinnu, nám og ferðast yfir landamæri Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.



Því fylgir ábyrgð að vera í fararbroddi um stafrænar lausnir, þar sem við á Norðurlöndum getum mótað hluta þess gildismats sem á að fylgja stafrænum umskiptum í Evrópu.

Í nýrri framtíðarsýn norræns samstarfs er lögð áhersla á, sem eitt

þriggja stefnumarkandi markmiða, að svæðið eigi að vera samþættasta svæði í heimi.

Um leið og samfélög okkar og þjónusta við íbúana og fyrirtækin færast meira og meira yfir í rafrænar lausnir, vex þörfin á að koma á samhangandi uppbyggingu gagna þannig að íbúarnir og fyrirtækin geti nýtt sér stafræna þjónustu yfir landamæri með því að nota rafræn auðkenni landa sinna.

Í apríl 2017 undirrituðu ríkisstjórnir Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sameiginlega yfirlýsingu (Digital North-yfirlýsinguna) um að skapa svæði sem ætlaði sér að vera leiðandi í stafrænum umskiptum á ríkisstjórnnum og samfélögum okkar, að efla samkeppnishæfni fyrirtækja okkar með stafrænum lausnum og að þróa stafrænan innri markað á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum sem byggir á stafrænum grunni ESB. Í því skyni að hrinda markmiðunum í framkvæmd og samræma samstarfið var Norrænu ráðherranefndinni um stafræna væðingu (MR-Digital) 2017–2020 komið á fót. Ráðherranefndin ber meginábyrgð á stuðningi við vinnuna með meginmarkmið yfirlýsingarinnar.

Forgangsaðgerðir og væntingar til stafrænt samþætts svæðis

Vinna að stafrænni þróun á Norðurlöndum er þegar umfangsmikil og nær þvert á fagsvið. Meðal helstu forgangsmála Norrænu ráðherranefndarinnar um stafræna væðingu (MR-Digital) eru:

1. Rafræn auðkenni og aðgangur að stafrænni þjónustu yfir landamæri (t.d. rafrænum lyfseðlum, rafrænum reikningum, rafrænum innkaupum og rafpósti til íbúanna)
2. Hraðari uppbygging 5G-kerfisins
3. Gervigreind




1. **Norræn-baltnesk starfsáætlun um stafræna þjónustu: vegabréfasamband 2.0 fyrir íbúana og fyrirtækin**

Svæðið hefur náð langt á sviði stafrænna lausna og mikill hreyfanleiki er milli landanna. Íbúarnir og fyrirtækin hafa því miklar væntingar til aðgangs að stafrænni þjónustu og að geta notað þjónustuna án vandræða yfir landamærin. Okkur hefur tekist að innleiða rafrænar lausnir í opinbera geiranum í því skyni að koma til móts við þarfir notenda og til að tryggja auðveldan og traustan aðgang að vandaðri stafrænni þjónustu fyrir íbúana og fyrirtækin. Áskorunin felst í að einungis hluti þjónustunnar er aðgengilegur yfir landamæri í dag. Þetta á einnig við í evrópsku samhengi og við erum enn langt frá að hrinda í framkvæmd stafrænum innri markaði.

Samstarfið yfir landamæri með gagnkvæmri viðurkenningu á rafrænum auðkennum landanna er fyrsta skrefið á leiðinni í átt að rafrænum auðkenningarkerfum sem eru samhæfð og nota má yfir landamæri. Sameiginlegt skipulag rafrænnar auðkenningar verður örugg leið að stafrænni þjónustu. Sagt á einfaldan hátt, má segja að þetta sé útgáfa 2.0 af núverandi vegabréfasambandi. Með því að skapa sameiginlega staðla um auðkenningu/samþykkt/undirskrift má tryggja að íbúarnir fái tækifæri til að nota rafræn auðkenni landanna til m.a. skattskráningar á netinu, rafrænna umsókna um skólavist eða rafrænna lyfseðla óháð búsetu á Norðurlöndunum eða í Eystrasaltsríkjunum. Jafnframt mun vinnan gera Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin að forystusvæði með tilliti til framkvæmdar stafræns innri markaðar framkvæmdastjórnar ESB.

Norræna ráðherranefndin hrinti af stað haustið 2019 rannsókn sem á að greina hvaða þjónusta yfir landamæri skipti mestu máli fyrir íbúa og fyrirtæki á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Markmiðið er að velja þau 5–7 þjónustusvið sem talin eru skipta mestu máli fyrir íbúa á svæðinu.

Í nóvember 2019 hrindir Norræna ráðherranefndin um stafræna væðingu (MR-Digital) af stað fjögurra ára starfsáætlun 2020–2024 um aðgang að stafrænni þjónustu yfir landamæri. Markmiðið er að skapa svæði sem getur boðið íbúum og fyrirtækjum opinbera þjónustu yfir



landamæri. Áætlunin verður forgangssvið í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar um stafræna væðingu (MR-Digital) með fjárveitingu sem nemur 10 milljónum danskra króna árið 2020.

2. Hraðari uppbygging 5G-kerfisins

Norræna ráðherranefndin um stafræna væðingu (MR-Digital) hefur stigið mikilvæg skref árið 2019 við að uppfylla yfirlýsingu forsætisráðherranna um hraðari uppbyggingu 5G-kerfisins á Norðurlöndum. 5G-tæknin gefur möguleika á að breyta samfélögum okkar á fjölda sviða og skapa snjallari, skilvirkari og sérhæfðari samfélög íbúnum og fyrirtækjum til hagsbóta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. 5G-tæknin gefur mun meiri gagnahraða en við þekkjum úr núverandi farsímakerfi og 5G-kerfin munu ráða við að mun fleiri tæki tengist netinu á sama tíma. Áreiðanleiki og gæði munu aukast verulega auk möguleika á nýjum notkunarmöguleikum farsímakerfanna. 5G mun meðal annars veita ný tækifæri varðandi sjálfvirknivæðingu vinnuferla á fjölda fagsviða. Bein dæmi eru t.d. á sjúkrahúsum og í rafrænni heilbrigðisþjónustu í dreifbýli, iðnframleiðslu (iðnaður 4.0), snjöllum orkulausnum, sjálfkeyrandi ökutækjum, skilvirkri nýtingu náttúruauðlinda í landbúnaði og sjávarútvegi. 5G felur einnig í sér mikil tækifæri til að bæta hag þjóðarbúsins og bæta opinbera þjónustu fyrir íbúana.

Hluti markmiða framkvæmdaáætlunarinnar um 5G er að Norðurlöndin verði í fremstu röð varðandi notkun 5G. Áhersla á notkun 5G mun meðal annars fara fram með framkvæmd nokkurra tilrauna og raunnotkunar. Sumsé hagnýt dæmi um notkun farsímabreiðbands á fagsviðum þar sem eiginleikar 5G skipta sköpum. Kjörrið fagsvið er landbúnaður þar sem t.d. eftirlit með uppskeru getur farið fram með stafrænum innviðum með 5G eða á heilbrigðisviði þar sem sjúkrahúsin nota róbótatækni til að veita betri heilbrigðisþjónustu. Tilgangurinn með prófuninni er því að skapa grundvöll reynslu, sem getur stuðlað að því að greina og leysa áskoranir og brjóta niður hugsanlegar hindranir í tengslum við innleiðingu og notkun 5G. Um leið er hægt að leggja áherslu á tækifæri fyrir frumkvöðla og nýskapandi, nýjar lausnir þar sem norræn fyrirtæki geta tekið þátt í að þróa tækni framtíðarinnar með hliðsjón af 5G.

Árið 2019 hefur Norræna ráðherranefndin um stafvæðingu (MR-Digital) kortlagt 5G tilraunareiti á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum og greint núverandi stöðu svæðisins á sviði 5G-kerfisins. Könnunin sýnir að Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin hafa alla burði til að taka að sér leiðandi hlutverk í heiminum m.a. á sviði framleiðslutækni 5G. Um leið sýnir könnunin að í augnablikinu er þörf á nánara samstarfi um 5G tilraunareiti á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum ef Norðurlöndin eiga að skara fram úr ásamt löndum í forystu. Norræna ráðherranefndin um stafvæðingu (MR-Digital) á því mikla vinnu fyrir höndum, en hefur einnig mikil tækifæri til að bæta stöðu Norðurlanda á sviði 5G-kerfisins og auka samstarfið á svæðinu öllu. Það er því kappsmál fyrir MR-Digital að vinna áfram með þessi mál á sviði 5G-kerfisins.

Í nóvember 2019 heldur MR-Digital ráðherrafund sinn í Ríga í tengslum við alþjóðaráðstefnuna 5G Techritory. Einn dagskrárliða ráðstefnunnar er hringborðsumræða með þátttöku ráðherra frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum ásamt Þýskalandi og Póllandi og fræðimönnum, frumkvöðlum og framkvæmdastjórum frá leiðandi fyrirtækjum á sviði upplýsingatækni- og símamála.



Ljósmyndari: Maud Grøttland©



3. Samstarf um gervigreind

Á sviði nýsköpunar varðandi gervigreind (AI) felast mikil tækifæri á að skapa tæknilausnir sem geta stutt við og aukið skilvirkni verkferla bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Nýsköpun á sviði gervigreindar hefur líkt og 5G-tæknin möguleika á að skapa bæði bætt lífsgjör og gríðarlegan efnahagslegan og samfélagslegan vöxt á svæðinu. Þar sem „snjallborgir“ eru dæmi um hvernig skynjarar í borgum ásamt miklu magni gagna geta boðið upp á snilldarlausnir og aukið lífsgæði bæði í og utan borganna.

Þegar kemur að gervigreindartækni þá eru þau gögn sem snjalllausnirnar byggjast á einnig áhættuþáttur. Í sameiginlegu norrænu og baltnesku gervigreindaryfirlýsingunni kemur fram að samstarf um gervigreind nái einnig til samstarfs um sameiginleg gildi þar að lútandi. Hér er mikilvægt að við á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum leitumst við að vera í fararbroddi um gervigreind, sem er samkeppnishæf, vegna þess að við notum og þróum snjalllausnir innan ramma hárra siðferðislegra staðla okkar.

Þörf getur verið fyrir nýja stefnu og viðmiðunarreglur til að stýra þessari breytingu í þá átt sem er heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun og samfélögum okkar til hagsbóta. Þetta krefst verulegrar athygli og aðlögunarhæfni frá ríkisstjórnunum. Miklu máli skiptir að Norðurlöndin, sem svæði í fararbroddi um stafrænar lausnir, gegni lykilhlutverki við að nýta mikla getu og færni okkar til að þróa háþróaðar stafrænar lausnir til að ná fram skynsamlegri notkun og framleiðslu gervigreindarlausna. Norræna ráðherranefndin hefur átt þessa mikilvægu umræðu við fjölda aðila, svo sem atvinnulífið, tæknifyrirtæki, stofnanir, stjórnámálamenn o.s.frv.

Árið 2020 áformar Norræna ráðherranefndin að kortleggja drifkrafta og ráðandi nýsköpunarumhverfi á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum í því skyni að greina og nýta sterka stöðu svæðisins og styðja við samstarf og tengslanet milli aðila á sviði gervigreindar.

Stafræn framtíð á Norðurlöndum

Mikil framþróun hefur átt sér stað í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar um stafræna væðingu (MR-Digital) á árinu 2019 og svæðið er nú nær því að ná metnaðarfullum markmiðum Digital North-yfirlýsingarinnar. Árið 2019 höfum við meðal annars stigið mikilvæg skref í átt að stafrænum innri markaði, þar sem íbúarnir geta ferðast frjálst yfir landamæri með því að nota gagnkvæmt viðurkennd rafræn auðkenni landanna. Svæðið er því áfram í fararbroddi þegar kemur að stafrænni framþróun og er samkeppnishæft á alþjóðavettvangi. Um leið er svið stafrænna lausna í stöðugri þróun þar sem sífellt verða til ný tæknileg tækifæri og takmarkanir. Áfram er því mikil vinna framundan hjá Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum, ef okkur á að takast að vera í fararbroddi um stafrænar lausnir og að ná þeim markmiðum sem voru samþykkt í yfirlýsingunni árið 2017. Þegar fram í sækir verður þessi vinna í höndum dönsku formennskuáætlunarinnar árið 2020.